


Reykjavík 12.09.2024

**Varðar:** Síðumúli 32 (fsp)  
**USK nr.:** USK24060220


Skoðuð er fyrirspurn Þórunnar Garðarsdóttur, dags. 14.08.2024, þar sem óskað er eftir að setja upp hjólaskýli á borgarlandi fyrir rafskutlur og hjól sem þjónustugegar og starfsfólk í Múlabæ geta nýtt. Erindi fylgja tillöguuppdráttir THG arkitekta, dags. 27.03.2024.



Teikning sem fylgir erindi

### Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2)  
Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.




Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Staðsetning hjólaskýlis skv. teikningu





Lagnir skv. Borgarvefsjá

### Umsögn:

Áður hefur verið send inn fyrirspurn sama efnis, USK23110175, dags. 14.06.2024. Í umsögn skipulagsfulltrúa við þeirri fyrirspurn, dags. 18.01.2024, er neikvætt tekið í hjólaskýli á borgarlandi, með þeim orðum að staðsetja skuli hjólaskýli innan lóðar, og jafnframt tiltekið að ekki sé fært að breyta lóðamörkum á þessum stað sökum lagna í jörðu.

Sú fyrirspurn sem nú er til umfjöllunar sýnir hjólaskýli á sama stað, utan lóðar, en nokkuð minna en í fyrri fyrirspurn. Ekki virðist tekið mið af því að þarna eru lagnir í jörðu.

### Niðurstaða:

Neikvætt er tekið í fyrirspurn. Leysa skal hjólaskýli innan lóðar.

### F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri